

**Efnahags- og
viðskiptaráðuneyti**

Minnisblað

Viðtakandi: **Viðskiptanefnd**
Sendandi: **Efnahags- og viðskiptaráðuneyti**
Dagsetning: **12.05.2010**
Málsnúmer: **EVR10040035**
Bréfalykill: **8.1**

Efni: Frumvarp um minnihlutavernd, 569. mál - breytingartillaga.

Ráðuneytið leggur til að tvö ný ákvæði bætist við frumvarpið.

Á eftir 14. gr. komi ný grein svohljóðandi:

136. gr. laganna fellur brott

Á eftir 27. gr. komi ný grein svohljóðandi:

110. gr. laganna fellur brott.

Gildistökuákvæði:

Ákvæði um brottfall (136. gr. og 110. gr.) taka til atvika og háttsemi sem áttu sér stað fyrir gildistöku þessara laga jafnvel þótt málsóknarfrestur hafi verið liðinn er þau tóku gildi.

Fyrir nefndarálitíð:

Lagt er til að sérákvæði málshöfðunarfrestir 136. gr. laga um hlutafélög og 110. gr. laga um einkahlutafélög verði felld brott. Þess í stað takmarkist málshöfðanir vegna skaðabóta á grundvelli 134. og 135. gr. laga um hlutafélög og 108. og 109. gr. laga um einkahlutafélög eingöngu af almennum reglum um tómlæti og fyrningu kröfuréttinda. Þá er lagt til að breytingin taki einnig til þeirra atvika eða háttsemi sem gerður fyrir gildistöku laganna jafnvel þó málshöfðunarfrestur hafi verið liðinn fyrir gildistöku ákvæðisins. Ákvæðið er því afturvirkrt hvað þetta varðar. Breytingin felur í sér að í stað þess að mál skuli höfðað innan tveggja ára frá því bótaskyld háttsemi átti sér stað, gildi almennur fyrningarfrestur skaðabótakrafna sem er nú fjögur ár frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því skv. 9. gr. (sem gildir um skaðabótakröfur sem stofnuðust eftir 1. janúar 2008) og tíu ár frá hinum bótaskylda atburði sbr. 2. tölul. 4. gr. eldri fyrningarlaga.

Til upplýsingar fyrir viðskiptanefnd.

Ráðuneytið hefur aflað lögfræðiálits um hvort hugsanlegt væri að gera breytingu á málshöfðunarfrestum 136. gr. laga um hlutafélög með afturvirkum hætti, þannig að breytingin taki bæði til málshöfðunarfresta sem byrjaðir eru að líða en jafnframt til málshöfðunarfresta sem eru liðnir. Niðurstaða lögfræðiálitsins er sú að með hliðsjón af eðli málshöfðunarfrests

136. gr. hlutafélagalaga sé það að öllum líkindum lögmætt að lengja málshöfðunarfrest ákvæðisins með afturvirkum hætti. Þá er vakin athygli á því að brotalöm sé á núgildandi fyrirkomulagi málshöfðunarfrests, en skv. gildandi lögum sé ekki tekið tillit til þess að tjónvaldar kunni að freista þess að fela hina bótaskylda háttsemi þar til málshöfðunarfresturinn er liðinn. Er þá vakin athygli á því að almennur fyrningarfrestur skaðabótakrafna er fjögur ár frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því skv. 9. gr. fyrningarlaga nr. 150/2007 (sem gildir um skaðabótakröfur sem stofnuðust eftir 1. janúar 2008) og tíu ár frá hinum bótaskylda atburði sbr. 2. tölul. 4. gr. eldri fyrningarlaga. Þá kemur fram að sömu rök og sjónarmið taki til málshöfðunarfresta laga um einkahlutafélög, jafnvel sé enn ríkari ástæða til breytinga á þeim lögum þar sem reynslan sýni að í verumlegum fjölda einkahlutafélaga sé sami maður framkvæmdastjóri og stjórnarmaður og því auðveldara að leyna bótaskyldri háttsemi.

Með hliðsjón af þessu er lagt til að farin verði sú leið að miðað við almennan fyrningarfrest kröfuréttinda en ekki málshöfðunarfrest samkvæmt ákvæði 136. gr. laga um hlutafélög og 110. gr. laga um einkahlutafélög. Þá er lagt til að þessi breyting verði gerð með afturvirkum hætti, þ.e. að hún taki til atvika og háttsemi sem átti sér stað fyrir gildistöku lagabreytingarinnar.